Með því að jeg verð að fallast á framantaldar ástæður, skal áðurgreindur úrskurður bæjarstjórnarinnar á Akureyri standa óhaggaður. 12 25. febr.

Þetta er yður, herra amtmaður, þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir bæjarstjórn Akureyrar og kærandanum.

Brjef landshöfðinga *til stiptsyfirvaldanna yfir Íslandi* **um samning verðlagsskráa.** — Í þóknanlegu brjefi, dagsettu 7. þ. m., hafið þjer, herra amtmaður, og þjer, herra biskup, skýrt frá því, að sýslumenn hafi lagt mjög sundurleitan skilning í 2. gr. laga 6. nóvbr. 1897, um undirbúning verðlagsskráa, þar sem svo er ákveðið, að sýslumaður semji eptir verðlagsskýrslum þeim, er hann meðtekur frá hreppum og kaupstöðum, aðalskýrslu fyrir sitt hjerað, sem hann því næst sendi stiptsyfirvöldunum, en þau skuli staðfesta verðlagsskrá fyrir hvert hjerað og annast um prentun hennar og birting. Hafi sumir sýslumennirnir sent yður til rannsóknar og staðfestingar fulltilbúnar verðlagsskrár fyrir sitt hjerað, en aðrir aptur á móti verðlagsskýrslur, svo að þjer hafið orðið að semja verðlagsskrárnar, sem þessvegna koma fram í þetta skipti sem samdar af yður, eins og að undanförnu, enda hafi sýslumenn yfir höfuð og þá einnig þeir, sem samið hafi fullkomnar verðlagsskrár, eigi farið eptir fyrirmælunum í síðasta staflið fyrnefndrar lagagreinar. Hafið þjer tekið það fram, að þjer sjeuð þeirrar skoðunar, að skilja beri áðurgreind fyrirmæli laganna um tilbúning verðlagsskráa svo, að sýslumenn eigi að semja og senda stiptsyfirvöldunum tilbúnar verðlagskrár og að þau svo eigi að gagnskoða þær og staðfesta, eptir að þau hafi leiðrjett skrárnar, ef þörf er á, og jafnframt, með því að hinn umræddi lagastaður sje eigi ótvíræður, skotið til mín að segja fyrir um rjettan skilning á optnefndri lagagrein öllum hlutaðeigendum til leiðbeiningar eptirleiðis. 13 23. febr.

Út af þessu skal yður hjermeð þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar, að jeg er yður samdóma um það, að sýslumönnum beri samkvæmt optnefndri lagagrein, að semja verðlagsskrá, hverjum fyrir sitt hjerað, en stiptsyfirvöldunum að eins að staðfesta hana með þeim leiðrjettingum, sem þörf kann á að vera.

Samkvæmt ósk yðar hefi jeg gjört ráðstöfun til þess að prentuð verði eyðublöð undir verðlagsskýrslur kaupstaða og hreppa, og munu yður á síðan verða afhent þau.

Brjef landshöfðingja *til bæjarfógetans í Reykjavík* **um ne tun á leyfi til að halda lotterí.** — Í erindi, er hingað hefir borizt beina leið, hefir Þorsteinn Egilsson fyrir hönd sjómannafjelagsins »Bárunnar« beiðzt leyfis til að halda lotterí á þessu ári innan nóvbr.loka »til eflingar fyrir húsbyggingu« handa fjelaginu. 14 24. febr.